



Jóhannes Gunnarsson
formaður Neytendasamtakanna

Áherslur Neytendasamtakanna í neytendamálum

Neytendasamtökin sendu nýrri ríkisstjórn og stjórnmalaflokkum sem eiga fulltrúa á Alþingi yfirlit yfir nauðsynlegar aðgerðir í neytendamálum. Það er von okkar að ríkisstjórnin, sem og raunar alþingismenn allir, sé reiðubúin að vinna að þeim fjölmörgu málum sem þar koma fram. Hér verður tæpt á nokkrum þessara mála en áhugasömum er bent á heimasíðu samtakanna til að kynna sér þetta frekar.

Húsnæðisskuldur heimilanna

Að mati Neytendasamtakanna er ekki sanngjarnt að afleiðingar bankakreppunnar komi af fullum þunga niður á almennum lántakendum, enda er meginvandi fjölda þeirra of há greiðslubyrði lána. Tryggja þarf að neytendur geti nýtt sér leiðir sem stjórnvöld hafa opnað til að einfalda lántakendum að standa í skilum. Neytendasamtökin eru ekki fylgjandi almennri niðurfærslu skulda. Það er þó ljóst að koma verður til móts við þau heimili sem eiga í verulegum fjárhagsferðleikum vegna eðlilegra húsnæðislána en úrræði stjórnvalda ná ekki til. Skoða ber allar færar leiðir í þessu sambandi, þar á meðal að stórauka vaxtabætur.

Aðildarviðræður við ESB hefjist strax

Neytendasamtökin leggja áherslu á að þegar verði gengið til aðildarviðræðna við ESB. Ljóst er að hagsmunir heimilanna í þessu máli eru það miklir að ekki er ástæða til að bíða lengur með að láta á það reyna með aðildarviðræðum hvort hægt er að ná viðunandi niðurstöðu í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum. Með aðild lækkar vöruverð, sérstaklega á matvörum, og með upptöku evrunnar lækka vextir og stöðugleiki kemst á í gjaldeyris- og verðlagsmálum. Þá heyrir verðtryggingin einnig sögunni til með upptöku evru.

Lagalegar umbætur

Neytendasamtökin telja afar mikilvægt að sett verði sem fyrst lög um hópmálsókn, eins og gert hefur verið í ýmsum Evrópulöndum. Einnig að sett verði lög um fjármálasamninga þannig að staða neytenda í banka- og fjármálaviðskiptum verði ekki lakari en best gerist á öðrum Norðurlöndum. Loks leggja samtökin áherslu á að lögum um greiðsluáðlögun verði breytt þannig að einyrkjar í atvinnurekstri

geti sótt um greiðsluáðlögun vegna skulda viðkomandi heimilis án þess að þurfa að hætta með atvinnurekstur sinn.

Úrskurðarnefndir

Neytendasamtökin leggja því mikla áherslu á að þegar verði komið á fót úrskurðarnefndum á sviði fjarskipta- og fasteignaviðskipta. Tilvist úrskurðarnefnda hefur reynst gríðarlega mikilvæg fyrir neytendur.

Matvæli

Ísland er eina landið í Evrópu þar sem ekki hafa verið sett lög um merkingar á erfðabreyttum matvælum. Neytendasamtökin hafa ítrekað krafist þess að settar verði reglur um merkingar og rekjanleika erfðabreyttra matvæla og fódurs. Einnig er lögð áhersla á að stjórnvöld beiti sér fyrir því að íslenskir framleiðendur hætti að nota asó-litarefni í matvæli enda hafa nýlegar rannsóknir sýnt að samhengi er á milli neyslu efnanna og ýmiss konar hegðunarvanda barna. Þá er kallað eftir því að sett verði lög um hámarks magn transítúsýra í matvælum en mikil neysla transítú er talin auka líkur á ýmsum sjúkdómum. Loks má nefna að stjórnvöld eru hvött til að taka upp hollustumerkið skráargatið í samvinnu við Dani, Norðmenn og Svía.

Samkeppnismál

Öflugt samkeppniseftirlit gegnir lykilhlutverki við að tryggja virka samkeppni á markaði. Það er því mikilvægt að við enduruppbyggingu íslenskra fyrirtækja verði leitað allra leiða til að tryggja samkeppni. Einnig er mikilvægt að settar verði reiknivélar á netið til að auðvelda verðsamanburð og til að tryggja gagnsæi og auka samkeppni. Sérstaklega er þetta mikilvægt á mörkuðum þar sem neytendur skortir yfirsýn um kostnað, ekki síst á sviði fjarskipta, trygginga og bankaþjónustu. Slikar reiknivélar eru grundvöllur þess að neytendur geti gert verðsamanburð á þessum mörkuðum. Loks er minnt á að verslun um internetið veitir seljendum innanlands mikilvægt aðhald á samkeppnismarkaði og því er brýnt að auðvelda neytendum hér á landi viðskipti í netverslun. Töku opinberra gjalda og umsýslukostnaði verður því að halda í lágmarki og gjaldtaka verður að vera gagnsæri.